

BORGARRÁÐ 13. ágúst 2020: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um greiðslur til styrkþega vegna aflýsingar Menningarnætur 2020 - R20080056

Nú þegar menningarnótt hefur verið blásin af samkvæmt fréttatilkynningu borgarstjóra þá vakna margar spurningar m.a. hvort samþykktar umsóknir í Menningarnæturpott Landsbankans verði ekki greiddar til styrkþega. Styrkþegar hafa allir undirritað samninga þess efnis að þeir skuldbinda sig til að halda samþykktan viðburð. Reykjavíkurborg hefur nú tilkynnt styrkþegum einhliða að listamenn komi ekki fram vegna þess að hætt er við menningarnótt. Mikil vinna hefur farið í verkefnin sem valin voru og má segja að styrkirnir séu borgun fyrir æfingatíma og útlagðan kostnað aðila sem standa að verkefnunum og er því um algjöra vanefnd á samningum að ræða af hálfu borgarinnar ef ekki verður greitt, því er spurt: 1. Verður ekki staðið við greiðslur til styrkþega eins og samningar kveða á um? 2. Ef ekki – á hvaða forsendum er ekki greitt til styrkþega þar sem Reykjavíkurborg tók þessa ákvörðun einhliða? 3. Er það ekki brot á samningarétti að greiða styrkina ekki út þar sem auðveldlega hefði verið hægt að halda marga af þessum viðburðum þrátt fyrir fjöldatakmörkanir við 100 manns? 4. Mikil vinna hefur farið í verkefnin sem valin voru og má segja að styrkirnir séu borgun fyrir æfingatíma aðila sem standa að verkefnunum og er því um algjöra vanefnd á samningum að ræða af hálfu borgarinnar.